

# Faxaflóahafnir s.f.

## Sýningin Europort 2015. 2.-6. nóvember 2015.

Þann 2. nóv 2015 fóru starfsmenn Faxaflóahafna ásamt starfsmönnum Akureyrarhafnar til Rotterdam að kynna sér nýjungar í hafntengdum búnaði á sýningunni Europort 2015. Komið var við í höfuðstöðvum Damen skipasmíðastöðvanna sem staðsettar eru í Gorinchem og farið í dráttarbátahermi.

### Ferðalýsing:

Þann 2. nóv var lagt af stað með flugi til Schiphol flugvallarins í Amsterdam þar sem rúta á vegum Damen náði í okkur og ók okkur að Intel hótelinu í Rotterdam. Eftir að búið var að koma sér fyrir á hótelinu var farið yfir dagskrá morgundagsins sem áætlað var að hæfist kl 08<sup>30</sup>.

3. nóv kl 08<sup>30</sup> kom rúta frá Damen sem ók okkur að höfuðstöðvum fyrirtækisins þar sem sölustjórnarnir Chiel og Martin héldu fyrirlestur þar sem saga Damen var kynnt auk þess sem sýndir voru nýjustu bátarnir sem Damen er að framleiða. Damen framleiðir báta til að sinna mjög fjölbreyttum verkefnum þó að við séum einna helst að horfa til dráttarbáta sem henta verkefnum Faxaflóahafna.



Öryggismál fyrirtækisins voru í mjög föstum skorðum. Áður en farið var í skoðunarferð um svæðið var starfsmönnum Faxaflóahafna gert að klæðast viðeigandi öryggisbúnaði sem samanstóð af öryggishjálmi og öryggisskóm með stáltá. Af því loknu fengu starfsmenn að fara í skoðunarferð um helstu byggingar Damen á svæðinu þar sem hægt var að skoða báta sem eru á lager fyrirtækisins í misjöfnu ástandi. Þar var á að líta báta tilbúna til afhendingar uppí fullbúna báta óselda auk skrokka sem ekki var byrjað að standsetja.

Boðið var uppá stutta siglingu á hraðskreiðum bát ætluðum til fólksflutninga. Báturinn er sérstaklega hannaður til að fara vel í sjó. Ekki reyndi mikið á sjóhæfni bátsins á þeim góða degi sem var þegar við vorum á staðnum. Báturinn sigldi hinsvegar ósköp ljúft án þess að við yrðum þess varir að siglt væri á tæplega 30 sm hraða.



Einkar áhugavert var að heyra útskýringar Martins á stuttum afgreiðslutíma báta frá Damen en okkur var sagt að í flestum tilfellum væri hægt að afhenda tilbúinn standard bát frá Damen innan árs frá pöntun. Damen getur uppfyllt stuttan afgreiðslutíma þar sem fyrirtækið liggur með töluverðan lager af bátum sem búið er að smíða og eru á því stigi að aðeins á eftir að setja viðeigandi búnað um borð.

Martin útskýrði fyrir okkur hvers vegna Caterpillar yrði oft fyrir valinu í bátum frá Damen. Ástæðan er sú að Caterpillar er með gott svið véla sem henta fyrir báta sem Damen smíðar auk þess sem Caterpillar er tilbúið að vera með lager af vélum sem tilbúnar eru til niðursetningar í báta á sinn kostnað sem gefur Damen möguleika á að fá vélar tilbúnar með skömmum fyrirvara án þess að bera kostnað af vélum á lager.

Að lokinni kynningu var haldið á sýninguna Europort þar sem starfsmenn innrituðu sig á sýninguna og hófu skoðun á svæðinu.

04.nóv kl 08<sup>30</sup> kom rúta frá Damen sem ók okkur í 360° Control Tug & Offshore Simulator Training. Þar sem starfsmönnum var gefinn kostur á að prófa stjórnun á ASD Tug sem er mjög frábrugðinn hefðbundnum dráttarbátum, líkt og bátum Faxaflóahafna.



Mjög áhugavert var að prófa ASD dráttarbát en í kynningu sem haldin var í upphafi kom fram að þjálfun á ASD báta sé mjög umfangsmikil og tekur töluverðan tíma að þjálf skipstjóra á slíkan bát. Þjálfun hefst í hermi í allt að 4 daga áður en skipstjóri er komin með þá reynslu að hægt sé að fara um borð á í bát til áframhaldandi þjálfunar sem tekur nokkrar vikur.

Í herminum sem við fórum í er hægt að velja ýmsar útgáfur af dráttarbátum auk annarra tegunda báta sem hægt er að æfa sig á áður en haldið er á hafið á nýjum bát. Einnig er í boði sá möguleiki að senda menn í stöðumat þar sem farið er yfir þekkingu eða getu skipstjórnarmanna til að stjórna ASD bát. Þetta fyrirkomulag kemur í veg fyrir að skipstjórnarmenn sem koma vel fyrir í viðtölum fari um borð á ASD bát án þess að hafa til þess nægilega þekkingu eða getu til að stjórna bátnum.

Eftir æfingar í herminum var haldið niður að höfn þar sem farið var um borð á Bernardus sem er nýr hybrid dráttarbátur sem var verið að taka í notkun. Það er sannarlega hægt að segja að sá bátur sé vel búinn og öflugur



Allt bendir til að hybrid útbúnaður í dráttarbátum sé skammt á veg kominn og einna helst um ákveðna ímyndarfevrun að ræða. Búnaðurinn sem um borð er dugur til þess að sigla um á orku frá rafhlöðum í 40 min á 3,5 kt hraða. Það er því í raun lítill tilgangur fyrir fyrirtæki eins og Faxaflóahafnir að fjárfesta í slíkum búnaði að svo stöddu enda er verðið þessum bát um 30% hærra verð miðað við hefðbundinn ASD bát. Að lokinni skoðunarferð um borð á Bernardus var haldið á sýninguna þar sem haldið var áfram sem frá var horfið .

05.nóv. Ekki var skipulögð dagskrá yfir daginn önnur en að halda áfram að skoða sýningarsvæði Europort 2015.

06.nóv kl 08<sup>00</sup> var rúta frá Damen tilbúinn við hótelið og var starfsmönnum ekið á Schiphol flugvöllinn þaðan sem flogið var til Keflavíkur.

## Aðeins um Europort 2015.



Sýningarsvæðið var ansi stórt miðað við það sem við höfum vanist af sýningum hér á landi. Það var farið á sýninguna alla dagana í lok dagskrá hvers dags en fimmtudagurinn 5.nóv var alveg tileinkaður sýningunni. Það tók rúma tvo daga með stöðugri göngu að komast yfir alla kynningarbásana sem voru á sýningunni svo það verður að segjast eins og er að sýning af þessari stærð krefst mikils tíma ef skoða á alla básana gaumgæfilega. Það er í stuttu máli hægt að segja að á sýningunni var allur hugsanlegur búnaður fyrir dráttarbáta og vörur tengdar hafnarstarfsemi. Til að komast yfir sem mest af upplýsingum vorum við duglegir að taka kynningarbæklinga sem komið var með heim auk þess að taka ljósmyndir af áhugaverðum hlutum sem koma að rekstri Faxaflóahafna til góða á einn eða annan hátt. Þó Damen hafi yfir að ráða fullkomnum dráttarbátum eru þeir alls ekki þeir einu á markaðnum . Það verður þó segja að ekki séu aðrir framleiðendur á svæðinu með báta sem stóðu Damen framur og því ánægjulegt að sjá að Faxaflóahafnir séu að versla við fyrirtæki sem stendur jafnfætis öðrum á markaðnum.

**Bæklingar og ljósmyndir teknar í ferðinni eru til staðar fyrir alla starfsmenn Faxaflóahafna.**

Eftirtaldir starfsmenn Faxaflóahafna fóru í ofangreinda ferð :

Gísli Hallsson – Stefán Ellertsson – Hermann Bridde – Júlíus Guðnason – Jósef Stefánsson – Lárus Vilhjálmsson.